

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt lögum nr. 73/2001 með síðari breytingum staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Samgönguráðuneytinu, 7. júlí 2005,*

**Sturla Böðvarsson.**

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi í Síðuhverfi, Akureyri.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur þann 31. maí 2005 í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt tillögu að breytingu á ofangreindu deiliskipulagi. Breytingin varðar lóðina nr. 16 við Brekkusíðu og felst í því að byggingareitir fyrir hús og bílskúr færast til suðurs, þannig að bílskúr verður ekki sambyggður við skúr á nágrannalóð.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og hefur bæjarstjórn lýst því yfir að hún taki að sér að bæta það tjón, sem einstakir aðilar kunni að verða fyrir vegna hennar. Breytingin öðlast þegar gildi.

*F. h. Akureyrarbæjar, 16. ágúst 2005,*

**Pétur Bolli Jóhannesson,**  
skipulags- og byggingarfulltrúi.

## AUGLÝSING

### um takmörkun á innflutningi á sterkum chilépipar og afurðum úr honum, karrí, túrmerík (curcuma) og pálmolíu.

1. gr.

Auglýsing þessi gildir um innflutning á þurrkuðum, gróf- eða fínmöluðum sterkum chilépipar af ættinni *Capsicum* og afurðum úr honum, karrí og afurðum úr því, túrmerík (curcuma) og pálmolíu sem ætluð er til manneldis.

2. gr.

Auglýsingunni er ætlað að tryggja að matvæli sem um getur í 1. gr. og innhalda sudan litarefni sem um getur í 3. gr. séu ekki til dreifingar hér á landi.